

gallerí
KLAUSTUR
2007

Timo Rytönen

Myrkar myndir

10.11. - 18.11.



Myrkar myndir 10.11 - 18.11

Timo Rytkönen hefur að undanfögnu dvalið í gestaibúðinni Klaustrinu á Skriðuklaustri. Þegar það kom í ljós að dvöl hans yrði á Dögum myrkurs var tilvalið að halda sýningu á nokkrum af þeim myndum sem hafa orðið til með þeirri tækni sem Timo hefur sérhæft sig í að undanfögnu. Um tilurð myndanna hefur hann þetta að segja:

Þegar við sem börn máluðum á veggjum eða leikfangabílum vorum við alltaf minnt á að blanda ekki saman vatns- og olíulitum. Vegna bannsins varð þetta spennandi og þegar ég varð fullorðinn varð ég að prófa þessa bönnuðu blöndu.

Síðasta vor fór ég að velta því fyrir mér af hverju ég væri listamaður. Hef ég einhver áhrif á verk mín? Spurningar mínar leiddu til þessa verkefnis. Ég tók fram léreft og byrjaði að mála punkta með ljósri olíumálningu. Síðan málaði ég dökkan vatnslit með breiðum pensli yfir alla punktana. Með þessum hætti gaf ég verkinu verkefni: „Myndaðu stjörnubjartan himin.“

Blautir vatnslitirnir aðskildust og brátt fóru bjartar stjörnur að birtast í gegnum dökkan himininn. Listaverkið framkvæmdi verkið sjálft og myndaði umbeðna ósk. Litirnir hefðu getað spurtt spurningarinnar: „Hef ég einhver áhrif á gjörðir mínar?“ á meðan myndunin gekk yfir þá. Jafnvel þótt þeir starfi sjálfstætt og útkoman sé einstök höfðu þeir engin áhrif á gang mála – ó hve dásamleg mótsögn.

Ég próaði þessa aðferð úr hinni forboðnu málningarblöndu æsku minnar. Án bannsins getur verið að verkin hefðu aldrei orðið til. Var bannið ef til vill tálbeita sem ég fylgdi viljalaus.

Ég nefni þessi verk málverk (paintworks).

TIMO RYTKÖNEN



Timo viđ eitt verka sinna

Timo Rytkönen

Fæddist 1962 í Kuopio í Finnlandi. Eftir að hann útskrifaðist úr Lista- og hönnunarháskólanum í Helsinki árið 1989 hefur hann verið sjálfstætt starfandi listamaður í Helsinki Hann vinnur með margs konar efnivið og tækni svo sem: gler, textíl, grjót, við, tölvutækni og listmálun. Timo finnst áskorun í því að prófa ávallt eitthvað nýtt frekar en að halda sig við eina aðferð. Hann telur að nýtt umhverfi geti hvatt hann til að endurnýja aðferðir og innihald verka hans.

Menntun /Education

Útskrifaðist 1989 úr Lista- og hönnunarháskólanum í Helsinki.

Verkefni /Projects

Í haust gerði hann hangandi textílverk sem er 7,5 metri á hæð í Raunvísindamenntaskólanum í Helsinki.

Sýningar/Exhibitions

Timo hefur haldið margar einka- og samsýningar í Finnlandi og öðrum löndum, nú síðast í gallerí Klaustri, Skriðuklaustri.

Listamannaíbúðir/Artist residences

Timo hefur dvalið og unnið í gestaíbúðum og listamannaíbúðum víða um lönd og hann er þakklátur Gunnarsstofnun og Kulturkontakt Nord fyrir að veita sér tækifæri til að dvelja á Skriðuklaustri.

*Nánari upplýsingar um Timo má finna á:
www.etunoja.fi*